



Árni Pétur Lund er **Judomaður JR 2021** og er það í annað sinn sem hann hlýtur þann heiður en hann var einnig judomaður JR 2019. Árni sem keppir jafnan í -81 kg flokki stóð sig vel á árinu. Hann vann öll mót sem hann tók þátt í hér heima í sínum þyngdarflokki og auk þess vann hann opna flokkinn á Íslandsmeistaramótinu og er hann ásamt einum til sá léttasti til þess að gera það en yfirleitt eru það keppendur í léttþungavigt og þungavigt sem hafa unnið þann flokk. Árni varð einnig Íslandsmeistari með félagi sínu JR í liðakeppni JSÍ sem var að vinna þann titil í tuttugusta skiptið. Vegna Covid-19 var þátttaka í erlendum viðburðum nánast engin og keppti Árni aðeins á tveimur erlendum mótum. Fyrst var það Evrópumeistaramótið, þar var hann óheppinn að mæta ríkjandi heimsmeistara í fyrstu umferð og tapaði og féll úr keppni og síðan keppti hann á alþjóðlegu móti í Finnlandi, Opna Finnska og varð þar í þriðja sæti.

Helsti árangur 2021

Opna Finnska Intl.	-81 kg	3.sæti
Reykjavík International games	-81 kg	1.sæti
Íslandsmót	Opninn fl.	1.sæti
Íslandsmót	-81 kg	1.sæti
Vormót JSÍ	-90 kg	1.sæti
Reykjavíkurmeistaramót	-90 kg	1sæti

Íslandsmeistari í liðakeppni karla með sveit JR